

Nr. 39.

10.
nóvbr.

Lög

um

leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna
í kaupstöðum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum skulu vera leynilegar, og hlutfalls-
kosningar, og skulu þær fram fara á þann hátt, er segir í eptirfarandi greinum.

2. gr.

Kosningin fer fram eptir listum, sem á eru skráð nöfn þeirra manna, er
stungið er upp á til fulltrúa. Listar þessir skulu afhentir oddvita kjörstjórnarinnar
fyrir hádegi tveim sólarhingum á undan kosningu, og skulu undir hvern lista hafa
ritað eigi færri en 5 og ekki fleiri en 15 kjósendur sem meðmælendur; skulu þeir
greina við nöfn sín stöðu sína og bústað.

Komi meðmælandi sá, sem afhendir listann, með eptirrit af honum, á hann
heimtingu á að fá á það ritað vottorð oddvita um, að hann hafi fengið listann og
hvenær.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en standi á
honum fleiri nöfn, er hann ógildur. Nafn hvers manns, er upp á er stungið, skal vera
svo greinilega letrað, með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sje á, hver hann
er, eða hægt sje að villast á honum og öðrum kjörgengum manni. Nú er einhver
þeirra, er á lista standa, ekki kjörgengur, eða nafn hans er svo ógreinilegt, að kjör-
stjórnin getur ekki vitað við hvern er átt, og skal þá strika nafn hans af listanum.

Pegar kjörstjórn þykir ástæða til að álíta einhvern lista ógildan, eða strika
nafn af lista, skal það gert með úskurði, er færður sje í kjörbókina. Eptirrit af úr-
skurðinum skal, áður en kosningin byrjar, fengið þeim meðmælanda, sem afhent
hefur listann.

Þeir listar, er kjörstjórn tekur gilda, skulu merktir hver með sínum bókstaf
(A. B. C. o. s. frv.), og nöfnin á hverjum lista tölusett (1, 2, 3 o. s. frv.) í þeirri röð,
er þau standa á listanum.

Nr. 39. Lög 10. nóvbr. um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

hemmelig Afstemning og Forholdstalsvalg til Byraad
i Købstæderne.

Nr. 39.

10de
Novbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken.
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Valg til Byraad i Købstæderne skulle være hemmelige med Anvendelse af Forholdstalsvalgmaaden og foregaa paa den i efterfølgende Paragrafer foreskrevne Maade.

§ 2.

Afstemningen sker i Henhold til Lister, hvorpaa Navnene paa de Personer, der foreslaas som Repræsentanter, ere opførte. Disse Lister skulle være indleverede til Formanden for Valgbestyrelsen inden Kl. 12 Middag paa den tredje Dag forinden Valget finder Sted. Hver Liste skal være underskrevet af mindst 5, højst 15 Vælgere som Stillere, ved hvis Navne deres Stillinger og Bopæle ere angivne.

Den Stiller, som indleverer Listen, har Ret til paa en af ham medbragt Afskrift af Listen at faa Formandens Tilstaaelse for, at og naar Listen er indleveret.

En Kandidatliste er gyldig, selv om den indeholder færre Navne end det Antal Repræsentanter, der skal vælges, derimod er den ugyldig, hvis den indeholder flere Navne. Enhver Kandidats Navn skal være saa bestemt betegnet, med fuldt Navn, Stilling og Bopæl, at der ikke er nogen Tvivl om, hvem han er, eller der kan finde Forveksling Sted med nogen anden valgbar Person. Er nogen af de paa Listen opførte ikke valgbar, eller er han saa utilstrækkelig betegnet, at Valgbestyrelsen ikke kan skønne, til hvem der sigtes, udstryges hans Navn af Listen.

Naar Valgbestyrelsen finder Grund til at erklære en Kandidatliste for ugyldig eller til at stryge noget Navn af Listen, skal det ske ved en Kendelse, der tilføres Valgprotokollen. En Udskrift af Kendelsen skal før Valgets Begyndelse meddeles den Stiller, der har indleveret Listen.

De af Valgbestyrelsen godkendte Kandidatlister mærkes hver med sit Bogstav (A, B, C, o. s. v.) og paa hver Liste sættes Nummer (1, 2, 3 o. s. v.), ved Kandidaternes Navne i den Rækkefølge, hvori de ere opførte.

Nr. 39 Lov af 10de Novbr. om hemmelig Afstemning og Forholdstalsvalg til Byraad i Købstæderne.

Nr. 39.

10.
nóvbr.

3. gr.

Kjörstjórnin sjer um úttegum á kjörseðlum og hæfilegum umslögum, sem nægja þykir, og skal nota þessa kjörseðla og umslög við kosninguna; fer hún fram á þann hátt að kjósandi afhendir slíkan kjörseðil innlagðan í umslag.

Á kjörseðli skal prentað með skýru letri „A-listinn“, „B-listinn“, „C-listinn“ o. s. frv. í svo mörgum línunum sem listarnir eru, og skal hvert listamerki standa í línu fyrir sig og lárjett strik á milli. Ekkert annað orð eða bókstafur, og ekkert nafn, tala eða merki má standa á kjörseðli, hvorki prentað, skrifað eða á annan hátt á hann sett.

Umslögin skulu vera ógagnsæ og þannig löguð, að þau alveg hylji kjörseðil, sem innan í er lagður. Á hverju umslagi skal prentað eða stimplað kosningarár og dagur. Ekkert annað nafn, orð, tala eða merki má standa á umslaginu, hvorki prentað, skrifað, eða á annan hátt á það sett.

4. gr.

Bæjarstjórnin sjer um að atkvæðakassi og kjörherbergi sjeu til, og skal kjörherbergi vera þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig, að eigi verði í það gengið nema úr því húsi. Tjald skal vera fest fyrir gluggum, er vera kynnu á herberginu, svo að ekki verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Herbergið skal vera svo bjart, að hægt sje að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera borð og hæfilega margir almennir svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði úr honum náð, nema hann sje opnaður.

5. gr.

Frá því er kosningargjörðin hefst, skulu listar með nöfnum fulltrúaefna uppfestir á kjörstaðnum, þar sem mikið ber á. Þeir skulu vera prentaðir eða skrifaðir greinilega, og táknadur með bókstöfum sínum. Þar skal og vera uppfest prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, sem hefur inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara laga.

6. gr.

Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórninni, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkvæmt 2. gr.; hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann er tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en fulltrúaefnin og 2 meðmælendur fyrir hvern lista, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eptir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórnin hefur kannast við manninn og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrjett, afhendir hún kjósanda kjörseðil ásamt umslagi, og gengur hann síðan inn í kjörherbergið, og má þar enginn annar vera inni. Þar inni markar hann kross × á kjörseðlinum við bókstafinn á þeim lista, er hann vill kjósa eptir, leggur síðan kjörseðilinn inn í umslagið, gengur að vörmu spori út úr herberginu og afhendir oddvita umslagið með kjörseðlinum í, og leggur oddviti það svo í auglýsingu Nr. 39. Lög 10. nóvbr. um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

§ 3.

Nr. 39.
10de
Novbr.

Valgbestyrelsen tilvejebringer Stemmesedler og dertil passende Konvolutter i fornødent Antal. Disse Stemmesedler og Konvolutter skulle benyttes ved Afstemningen, der foregaar ved Afgivelse af saadanne Stemmesedler, indlagte i Konvolutter.

Stemmesedlen skal i tydeligt Tryk indeholde Betegnelserne „Liste A“, „Liste B“, „Liste C“ o. s. v. i saa mange Linier, som der er Kandidatlister; hver Listebetegnelse skal staa i en Linie for sig, med en vandret Streg mellem Linierne. Intet andet Ord eller Bogstav, og intet Navn, Tal eller Tegn maa være paaført nogen Stemmeseddel, hverken ved Tryk eller ved Skrift eller paa anden Maade.

Konvolutterne skulle være uigennemsigtige og saaledes tildannede, at de helt tildække den indlagte Stemmeseddel. Paa hver Konvolut skal være trykt eller stemplet Valgets Aar og Dag. Intet andet Navn, Ord, Tal eller Tegn maa være paaført Konvolutten, enten ved Tryk eller ved Skrift eller paa anden Maade.

§ 4.

Bybestyrelsen tilvejebringer en Stemmekasse og et Stemmerum af den nedenfor angivne Beskaffenhed.

Det skal være forbundet med den Bygning, hvor Valget foregaar, saaledes at det ingen anden Indgang har end fra den. Foran Vinduer, der maatte være paa Rummet, skal anbringes et Gardin, saa at der ikke kan ses derind udefra, hvorhos Gardinet maa naa saa langt udenfor Vinduet, at en Stemmeseddel ikke kan stikkes ud til Vinduet, saaledes at den kan ses udefra. Stemmerummet skal være tilstrækkelig lyst til, at Skrift tydelig kan læses derinde, det skal være forsynet med et Bord og et tilstrækkeligt Antal almindelige sorte Blyanter.

Stemme-kassen skal være aflaaet og saaledes indrettet, at ingen Stemmeseddel kan udtages af den, uden at Kassen aabnes.

§ 5.

Paa Valgstederne skulle fra Valghandlingens Begyndelse Kandidatlisterne findes opslaaede paa et iøjnefaldende Sted; de skulle være trykte eller tydelig skrevne og mærkede med deres Bogstav. Ligeledes skal der findes opslaaet en trykt Vejledning for Vælgerne, indeholdende det væsentlige af denne Lovs Bestemmelser.

§ 6.

Valghandlingen aabnes af Formanden med at bekendtgøre Navnene paa Valgbestyrelsens Medlemmer, det Antal Medlemmer, der skal vælges til Byraadet og de af ham i Henhold til § 2 modtagne Lister; han foreviser Stemmekassen, saaledes at det kan ses, at den er tom, og lukker den derefter. Uden Valgbestyrelsens Tilladelse maa der ikke foruden den være tilstede i Valglokalet andre end Kandidaterne og to Stillere for hver Liste, samt et passende Antal Vælgere, som komme og gaa.

Vælgerne fremtræde og afgive deres Stemmer i den Orden, som de selv ville, og der er Lejlighed til. Efter at Valgbestyrelsen har forvissat sig om, at den fremtrædende er den, han opgiver at være, og at han er valgberettiget, leverer den Vælgeren en Stemmeseddel og en Konvolut, hvorefter han gaar ind i Stemmerummet, hvor ingen andre maa være til Stede. Her sætter han paa Stemmesedlen et Kryds $\times$ ved Bogstavet for den Liste, som han vil stemme paa og lægger Stemmesedlen i Konvolutten, hvorefter han straks gaar ud af Stemmerummet og leverer Konvolutten med den indlagte Stemmeseddel til Formanden, som i Vælgernes Paasyn nedlægger Konvolutten

Nr. 39. kjósanda niður í atkvæðakassann, án þess að opna umslagið. Annar úr kjörstjórninni
 10. gjörir merki á kjörskrána við nafn þess kjósanda, er hefur greitt atkvæði, og hinn úr
 nóvbr. kjörstjórninni ritar nafn hans á sjerstaka skrá. Sjerhver kjósandi, er vill neyta kosningarrjettar síns, verður að mæta sjálfur.

Ef kjörseðill eða umslag ónýttist á einhvern hátt, eptir að það er kjósanda afhent, en áður en það er lagt niður í atkvæðakassann, þá getur kjósandinn farið aptur til oddvita og fengið nýjan kjörseðil og umslag, og skili hann þá því, er ónýttist, aptur um leið.

Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sjerstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, þá skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

7. gr.

Kosningargjörðin má eigi standa yfir skemur en 3 tíma. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórnin sjálf atkvæði og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfninni sje nú lokið, og má eigi eptir það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi, er kosið hefur, skal skyldur til fyrir rjetti, í hvaða máli sem er, að skýra frá, hvern hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórninni eða nokkur sá, sem samkvæmt 6. gr. er staddur í kosningarstofunni, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósanda ráð, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli atkvæði gefa. Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kosningarstofunni kann að hafa orðið áskynja um, hvort eða hvernig einhver kjósandi hefur kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 krónum.

8. gr.

Upplestur atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar að kosningarathöfn lokinni, þannig: Oddviti kjörstjórnarinnar opnar kassann, tekur kjörseðlana, einn í einu, út úr umslaginu, les þá upp hátt og greinilega, og leggur þá síðan frá sjer, alla á einn stað.

Kjörseðill er ógildur, ef atkvæði er á honum greitt um annað en einn af listunum. Sje í umslagi fleiri en einn kjörseðill, eru þeir ógildir. Ennfremur er kjörseðill ógildur 1) þegar ekki er full vissa fyrir, hverjum lista kjósandi vill greiða atkvæði, 2) þegar útlit kjörseðils eða umslags þess, er hann var í, gefur ástæðu til að álíta, að kjörseðillinn hafi eigi verið afhentur af kjörstjórninni, eða hann eigi verið merktur í kjörherberginu, 3) ef á kjörseðli eða umslaginu er skrifað, teiknað eða á annan hátt eitthvað það markað, sem bendir á, að með því sje af ásettu ráði skýrt frá, hver atkvæði hafi greitt, eða yfirleitt eitthvað það er táknað á kjörseðil eða umslag, er gefur kjörseðli sjereinkenni, og ætla má, að enginn annar en kjósandi hafi gjört það.

Jafnskjótt og oddviti les upp kjörseðlana skrá hinir kjörstjórnarnir, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista. Eptir að allir kjörseðlar eru upp lesnir, bera kjörstjórnar sig saman; skakki hjá þeim í einhverju, skal lesa upp alla kjörseðlana á ný.
 Nr. 39. Lög 10. nóvbr. um leynilegar kosningar og blutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

i Kassen uden at aabne Konvolutten. Det ene af Valgbestyrelsens Medlemmer sætter Nr. 39. paa Valglisten et Tegn ved den Vælgers Navn, som har stemt og det andet Medlem af Valgbestyrelsen optegner hans Navn paa en særlig Liste. Enhver Vælger, der vil deltage i Valget, maa møde personlig. 10de
Novbr.

I Fald en Stemmeseddel eller Konvolut bliver paa en eller anden Maade ubrugelig efter Udleveringen til Vælgeren, men inden Nedlægning i Stemmekassen, kan den paagældende Vælger gaa tilbage til Formanden og faa en ny Stemmeseddel og Konvolut imod at tilbagelevere det, som blev ubrugeligt.

I Fald en Vælger fremfører for Valgbestyrelsen, at han ikke er i Stand til at foretage Afstemningen paa den foreskrevne Maade og anfører særlige Grunde derfor, der godkendes af Valgbestyrelsen, skal det af Vælgeren dertil udvalgte Medlem af Valgbestyrelsen yde ham Bistand ved Stemmegivningen i Stemmerummet. Herom sker der Tilførsel i Valgprotokollen med Anførelse af Grundene.

§ 7.

Valghandlingen maa ikke vare mindre end 3 Timer. Efter den Tids Forløb og naar ingen Vælger melder sig, afgiver Valgbestyrelsen selv sine Stemmer og erklærer derpaa Valghandlingen for sluttet, hvorefter ingen Stemme maa modtages.

Ingen Vælger, som har afgivet Stemme, skal være pligtig for Retten i nogen Sag at opgive, hvem han har stemt paa, eller om han har stemt for eller imod en Valgkandidat.

Intet Medlem af Valgbestyrelsen eller nogen anden, som i Følge § 6 er til Stede i Valglokalet, maa under Afstemningen give nogen Vælger Raad, Anvisning eller Opmuntring med Hensyn til, paa hvilken Liste han skal stemme. Ej heller maa nogen give Underretning om det, som han i Valglokalet maatte have erfaret med Hensyn til, om eller hvorledes nogen Vælger har stemt.

Overtrædelse af nogen af disse Bestemmelser straffes med Fængsel, ikke under en Uges simpelt Fængsel, eller under formildende Omstændigheder med Bøder, ikke under 20 Kr.

§ 8.

Stemmeoptællingen foregaar offentlig, straks efter Valghandlingens Slutning. Valgbestyrelsens Formand aabner Kassen, udtager Stemmesedlerne en for en af Konvolutterne og oplæser dem højt og tydeligt, og lægger dem derefter fra sig, alle paa eet Sted.

En Stemmeseddel er ugyldig, hvis der er stemt paa andet end en af Kandidat-listerne. Indeholder en Konvolut mere end een Stemmeseddel, ere de ugyldige. Endvidere er en Stemmeseddel ugyldig: 1) naar det ikke med Sikkerhed fremgaar, hvilken af Listerne Vælgeren har villet give sin Stemme; 2) naar Beskaffenheden af Stemmesedlen eller den Konvolut, der har omgivet den, giver Grund til at antage, at Stemmesedlen ikke er udleveret af Valgbestyrelsen, eller ikke er mærket i Stemmerummet; 3) naar der paa Stemmesedlen eller Konvolutten findes skrevet, tegnet eller paa anden Maade anbragt noget, som tyder paa, at det herved forsætlig er tilkendegivet, hvem den stemmende er, eller der overhovedet ved en Behandling, som kun kan antages at være foretaget af Vælgeren, findes at være givet Stemmesedlen eller Konvolutten et Særpræg.

Efterhaanden som Stemmesedlerne oplæses af Formanden, optegne de andre Medlemmer af Valgbestyrelsen, hvor mange Stemmer der er faldet paa hver af Listerne. Efter at alle Stemmesedlerne ere oplæste, sammenholde Medlemmerne af Valgbestyrelsen deres Optegnelser. Viser der sig nogen Uoverensstemmelse mellem dem, oplæses alle Nr. 39. Lov af 10de Novbr. om hemmelig Afstemning og Forholdstalsvalg til Byraad i Købstæderne.

Nr. 39. Að lokum eru kjörseðlarnir taldir og athugað, hvort þeir sjeu eins margir og skrá sú
 10. sýnir, er haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrjettar síns.
 nóvbr.

9. gr.

Þá er kjörstjórnin hefur gengið úr skugga um, að kosningin hafi farið fram á löglegan hátt, skal leggja saman öll þau atkvæði, er hver listi hefur fengið. Síðan er atkvæðatölu hvers lista deilt, fyrst með 1, svo með 2, svo með 3 o. s. frv., unz atkvæðatölu hvers lista er deilt með svo hárrí tölu, sem honum geta fremst hlotnast fulltrúar hlutfallslega við tölu allra greiddra atkvæða og tölu fulltrúaefna. Hæsta útkomutalan gefur þeim lista, er hana hefur öðlazzt, rjett til 1. fulltrúa; næst hæsta útkomutalan gefur listanum, sem hana hefur öðlazzt, 2. fulltrúann, og svo koll af kolli, unz allir fulltrúarnir eru kosnir. Sjeu tvær útkomutölur jafnháar, ræður hlutkesti. Af hverjum lista fyrir sig skal taka nöfn þeirra, sem kosnir eru, í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum; nú er nafn á einhverjum lista þegar kosið á öðrum lista, og skal þá strika það út, og taka næsta nafn fyrir neðan. Nú er listi tæmdur, og á þó rjett á einum fulltrúa til, þá skal taka þann fulltrúa af þeim lista, er þessum lista hefur næstan atkvæðafjölda.

10. gr.

Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn með meirihlutakosningu, en að öðru leyti eptir framanskráðum reglum.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 2.—6. málsgrein í 8. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum s. d. um bæjarstjórn á Ísafirði, 8. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1904.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 10. nóvember 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Alberti.

Stemmesedlerne paa ny. Endelig optælles samtlige Stemmesedler, og det undersøges, om Nr. 39. Tallet stemmer med den i Følge § 6 førte Fortegnelse over de Vælgere, der have ^{10de} afgivet Stemme. ^{Novbr.}

§ 9.

Efter at Valgbestyrelsen har forvisset sig om, at Valghandlingen er foregaaet paa lovlig Maade, sammenlægges alle de for hver Kandidatliste afgivne Stemmer. Hver Listes Stemmetal deles derefter først med 1, derefter med 2, derefter med 3 o. s. v., indtil hver Liste er delt med et Tal, saa stort som det Antal Medlemmer, der i det højeste kan blive den til Del i Forhold til Antallet af samtlige afgivne Stemmer og Kandidaternes Antal. Det største af de saaledes fremkomne Delingstal giver den Liste, hvilken det er tilfaldet, Ret til Medlem Nr. 1, det næststørste Delingstal giver den Liste, det er tilfaldet, Ret til Medlem Nr. 2 og saaledes fremdeles, indtil alle Medlemmer ere valgte. Er to Delingstal lige store, gør Lodtrækning Udslaget. Af hver enkelt Liste udtages Navnene paa de valgte Medlemmer, efter den Orden, hvori de ere opførte paa Listen. Navnene paa dem, der allerede ere valgte paa en anden Liste, overstreges og næsteftærfølgende Navn udtages. Er en Kandidatliste udtømt, men der tilkommer den en Repræsentant til, tages denne af den Liste, som derefter har det højeste Tal.

§ 10.

Saafermt kun een Repræsentant skal vælges, foretages Valget som Flertalsvalg, men iøvrigt efter de ovenfor givne Regler.

§ 11.

Forordning om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender 20de April 1872 § 8, 2det—6te Punktum, Lov om Bestyrelsen af Købstaden Akureyris kommunale Anliggender 8de Oktober 1883 § 7, med Undtagelse af 1ste Punktum, Lov om Bestyrelsen af Købstaden Isafjords kommunale Anliggender af s. D. § 7, med Undtagelse af 1ste Punktum og Lov om Bestyrelsen af Købstaden Seydisfjords kommunale Anliggender 8de Maj 1894 § 8 med Undtagelse af 1ste Punktum, ophæves.

§ 12.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1904.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Fredensborg, den 10de November 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 10de November 1903.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.